

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir heiðursverðlaunasjóð Daða Hjörvar, 121 útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 15. september 1959. 15. sept. Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir heiðursverðlaunasjóð Daða Hjörvar.

1. gr.

Helgi Hjörvar og Rósa Hjörvar, kona hans, stofna sjóð til að veita þeim mönnum heiðursgrip til minja, sem fegurst tala íslenska tungu í útvarp.

2. gr.

Sjóðurinn heitir: Heiðursverðlaunasjóður Daða Hjörvar. Stofndagur sjóðsins er 5. nóvember 1958.

3. gr.

Heiðursgripurinn er í þrennu formi:

1. Peningur úr gulli, 5,5 sm í þvermál, myndsleginn á báðum hliðum (eftir því sem nánar verður ákveðið) og þessi áletrun: FYRIR FRÁBÆRAN FLUTNING ÍSLENZKRAR TUNGU Í ÚTVARP.
2. Peningur úr silfri, 10 sm í þvermál, myndsleginn á efri hlið (höfuðmynd af ungum manni við hljóðnema) og þessi áletrun: FYRIR FAGRAN FLUTNING ÍSLENZKRAR TUNGU Í ÚTVARP.
3. Peningur úr brónsi, sleginn í sama móti og silfurpeningurinn. Bronspeningurinn skal ekki veita nema ungum mönnum, 25 ára og yngri.

Nafn þess sem heiðursverðlaun hlýtur skal grafa á þar til gerðan flöt á peningi hverjum.

4. gr.

Heiðursviðurkenning þessi skal veitt fyrir fegurstan flutning málsins eingöngu. Þó að sjónvarpað verði eða önnur ný tækni komi til, skal meta túlkun raddarinnar einnar. Meta skal mest einlæga tjáning, en miður rík tilbrigði eða leikbrögð í formi.

Fullnaðardóm skal fella eftir hljóðbandi eða annarri sams konar upptöku raddar, án sjónvarps.

5. gr.

Heiðursverðlaun má veita fyrir flutning máls og tungutak í þeim greinum dagskrár sem hér eru taldar:

- a) þularstörf, — b) atburðalýsingar, af munni fram, — c) fréttatættir, — d) viðtöl, — e) erindi, en þar til má telja hvers konar ræðuflutning, stjórnmalaraæður, prédikun, rökræður, gamanþætti (án söngs og eftirhermu), — f) sagnalestur, — g) ljóðalestur, — h) almennur upplestur á óbundnu máli, — i) útvarpsleikur, — svo og aðrir þættir talaðs máls, eftir því sem dómnefnd kann að ákveða.

6. gr.

Dómnefnd veitir heiðursverðlaunin. Hún skal skipuð fimm mönnum, þannig:

1. Útvarpsráð, eða sú stofnun sem hefur menningarstjórn á dagskrá útvarpsins, velur formann dómnefndar.
2. Heimspekideild Háskóla Íslands tilnefnir einn mann í dómnefnd.